ALMENNT

31.00 — HÆÐIR ERU Í HÆÐARKERFI REYKJAVÍKUR
TÁKNAR HÆÐ: 31.00 m Í SNIÐMYND

31.00 — TÁKNAR HÆÐ Á PLÖTU: 31.00 m Í GRUNNMYND

JÁRNASTÆRÐIR ERU Í mm
TIMBURÞVERMÁL ER Í mm
ÖLL ÖNNUR ÓNEFND MÁL ERU Í mm

(160) — MERKIR: ÞYKKT PLÖTU (VEGGJAR) ER 160 mm.
Á GRUNNMYND AF PLÖTU ER SNIÐIÐ TEKIÐ UNDIR ÞEIRRI PLÖTU SEM ER SÝND.

TÁKNAR STEYPUSKIL. Í LÓÐRÉTTUM STEYPUSKILUM KJALLARAVEGGJA KOMI A.M.K. 150 mm PLASTÞÉTTILISTI.

A / B02–B02 — HEITI SÉRMYNDAR; SÝNIR SNIÐ; TEIKNING SEM VÍSAÐ ER TIL

STEINSTEYPA

ÖLL STEYPA ER SKV. ÍS ENV 206

GERÐ STEYPU KEMUR FRAM Í TÖFLU HÉR AÐ NEÐAN OG Á VIÐKOMANDI TEIKNINGU

BROTÞOLSFLOKKAR STEYPU

BYGGINGARHLUTAR	BROTÞOLS-FLOKKUR	VEÐRUNAR-ÞOL	SIGMÁL (mm) F. IBLÖNDUN	LOFT
SÖKKLAR OG BOTNPLATA	C30	NEI	50-90	5-7%
VEGGIR OG PLÖTUR	C30	NEI	50-90	5-7%
SÚLUR ÚTI	C35	JÁ	50-90	5-7%
STOÐVEGGIR	C30	JÁ	50-90	5-7%
PLATA BÍLAGEYMSLU	C35	JÁ	50-90	5-7%

VEÐRUNARÞOLIN STEYPA, SÉRÁKVÆÐI

SEMENTSMAGN > 330kg/m3
VATNSSEMENISTALA v/s < 0,45
ENDANLEGT LOFTINNIHALD > 5%
FJARLÆGÐARSTUÐULL LOFTS < 0,25 mm

ÁLAGSFORSENDUR / STAÐLAR

ÖRYGGISKERFI	SKV. ÍST DS 409
STEYPUVIRKI, ALMENNT	SKV. ÍST14 OG EUROCODE 2
STEYPUVIRKI, JARÐSK .	SKV. EUROCODE 8
STÁLVIRKI	SKV. ÍST DS 412
TIMBURVIRKI	SKV. ÍST DS 413
ÁLAG Á GRUNN	SKV. ÍST 15
SNJÓÁLAG,VINDÁLAG OG NOTÁLAG	SKV. ÍST 12
JARÐSKJÁLFTAÁLAG	SKV. ÍST 13

GRUNNGILDI ÁLAGS

ÍST 12 (3. ÚTGÁFA 2002-07-01)
NOTÁLAG Á PLÖTUR
Gólfplötur í íbúðarhúsi 2,5 KN/m² (milliveggir innifaldir)
Gólfplötur í skrifstofuhúsi 3,5 KN/m² (milliveggir innifaldir)
Loftpl. í bílgeymsluhúsi 5,0 kN/m²
LEYFT ÁLAG Á KLÖPP 1000 KN/m²
VINDÁLAG
Grunngildi vindhraða 35,5 m/sek
SNJÓÁLAG
~~Grunngildi svæði 1 2,1 KN/m²~~
Grunngildi svæði 2 3,0 KN/m²
Gildi stuðulsins Ce 0,6
Gildi stuðulsins Ct 1,0

JARÐSKJÁLFTAÁLAG SKV. ÍST 13

FYLLINGARPÚÐI

ÞJÖPPUNARKRÖFUR TIL FYLLINGAR UNDIR SÖKKLA ERU EFTIRFARANDI

MALARFYLLING : E2 > 1200 E 2/E1 < 2,25
HRAUNFYLLING : E2 > 1200 E 2/E1 < 2,25

JÁRNALÖGN

UM BENDISTÁL OG JÁRNAVINNU ALMENNT GILDIR ÍST 10 NEMA ANNARS SÉ GETIÐ Á TEIKNINGUM EÐA Í VERKLÝSINGUM.

GERÐ OG MERKING JÁRNA

ALMENNT SKAL BENDISTÁL FULLNÆGJA KRÖFUM DS 13080

K: MERKIR KAMBSTÁL Ks500 MEÐ SKRIÐMÖRK fyk ≥ 500 MPa, MIÐAÐ VIÐ 0.1% VIKMÖRK.

Ks: MERKIR KAMBSTÁL SUÐUSTÁL Ks500 MEÐ SKRIÐMÖRK fyk ≥ 500 MPa, MIÐAÐ VIÐ 0.1% VIKMÖRK.

R: MERKIR SLÉTT STÁL Fe 360 (ST 37) MEÐ SKRIÐMÖRK fyk ≥ 240 MPa, MIÐAÐ VIÐ 0.1% VIKMÖRK.

BENDINET SKAL FULLNÆGJA KRÖFUM DS 13082

K189: MERKIR BENDINET MEÐ SKRIÐMÖRK fyk ≥ 500 MPa, MIÐAÐ VIÐ 0.1% VIKMÖRK, OG ÞVERSNIÐSFLATARMÁL = 189 mm²/M.

JÁRN Í NEÐRI BRÚN PLÖTU / YTRI BRÚN VEGGJAR.

JÁRN Í EFRI BRÚN PLÖTU / INNRI BRÚN VEGGJAR.

K10C200 / L=6000 — 10 mm KAMBSTÁL, L= 6000 mm. MEÐ 200 mm MILLIBILI

ENDI Á JÁRNI ER BEINN.

JÁRN BEYGIST SKEYTILENGD INN Í AÐLIGGJANDI BYGGINGARHLUTA.

GEFUR STEFNU JÁRNA SEM LEGGJAST NÆST YFIRBORÐI STEYPU.

— MERKIR AÐ BIL MILLI JÁRNA SÉ JAFNT Í BÁÐAR ÁTTIR.

MERKIR UPPBEYGJULÍNU, ÞAR BEYGIST ANNAÐ HVERT JÁRN UPP Í EFRI BRÚN Á PLÖTU

TENGING JÁRNAGRINDA NEMA ANNAÐ SÉ TEKIÐ FRAM Á TEIKINGUM.
a ER ÞVERMÁL JÁRNA.



BIL MILLI JÁRNA / STEYPUHULA

LYKKJUR:

Í LYKKJUR SKAL NOTA R-STÁL EÐA Ks-STÁL (SUÐUHÆFT KAMBSTÁL)



VARÐANDI BIL MILLI JÁRNA / STEYPUHULU

a ≥ 2d
Dmax+ 10 mm

b ≥ 1.5d
20 mm

VEGGENDAR

ALLIR VEGGENDAR SEM EKKI ERU MERKTIR SÉRSTAKLEGA SKULU BENTIR Á ÞENNAN HÁTT:

TÁKNAR 2 K12 Í VEGGENDA

TVÖFÖLD GRIND — 2 K12; K10 Á MÖTI ÖÐRU HVORU LANGJÁRNI; 300

SKEYTILENGD JÁRNA

SÉ EKKI ANNAÐ TEKIÐ FRAM SKULU JÁRN ÆTÍÐ FEST SKEYTILENGD INN Í AÐLIGGJANDI BYGGINGAHLUTA.
Í BITUM OG PLÖTUM SKAL EKKI SKEYTA MEIRA EN ÞRIÐJA HVERT JÁRN Í SAMA ÞVERSNIÐI OG AÐEINS FJÓRÐA HVERT JÁRN Í VEGGJUM NEMA ANNAÐ SÉ SÝNT Á TEIKNINGUM. SKEYTILENGD VIÐ VÍXLLAGNINGU KAMBSTÁLS SKAL VERA 40d (d = ÞVERMÁL STANGAR)

ÞVERMÁL STANGAR Í mm	8	10	12	16	20	25
SKEYTILENGD Í mm	320	400	480	640	800	1000

SÉ ANNAÐ EKKI TEKIÐ FRAM SKAL LEGGJA 2K12 Í KRINGUM GÖT, DYRA-OG GLUGGAOP ER NÁI 50 cm ÚT FYRIR OPIÐ.



SKEYTING BENDINETA

ALMENNT GILDIR AÐ SKEYTILENGd NEMI ÞVÍ, AÐ ÞRJÚ ÞVERJÁRN SÉU Í VÍXLSKEYTUM, ÞÓ ALDREI MINNI EN 40d. BENDINET MEÐ 15 cm MÖSKVA SKAL ÞVÍ VÍXLLEGGJA UM TVO MÖSKVA.

ALMENNT GILDIR AÐ STEYPUHULAN (c) SKAL FULLNÆGJA EFTIRFARANDI KRÖFUM NEMA ANNAÐ SÉ TEKIÐ FRAM Á TEIKNINGUM EÐA Í VERKLÝSINGU.

30 mm Í VEGGJUM UTANDYRA
25 mm Í INNVEGGJUM
30 mm Í SÚLUM ÚTI
25 mm Í SÚLUM INNI
25 mm Í LOFTPLÖTUM INNI
30 mm Í LOFTPLÖTUM ÚTI
30 mm Í BITUM ÚTI
25 mm Í BITUM INNI
40 mm Í SÖKKLUM
90 mm ÞAR SEM STEYPT ER BEINT Á KLÖPP

TRÉVERK

GÆÐAFLOKKUR LÍMTRÉS ER L 40.
AÐRIR BURÐARVIÐIR ERU ÚR K-18 EÐA BETRA

ALLIR FESTIHLUTIR ÚR JÁRNI SKULU HEITGALVAN-HÚÐAÐIR, NEMA ANNARS SÉ GETIÐ

ÞAR SEM TRÉ LEGGST AÐ STEINSTEYPU, KOMI ASFALTÞAPPI MILLI TRÉS OG STEINS

FÚAVERJA SKAL SPERRUENDA OG ÞÁ HLUTA TRÉS, SEM STEYPAST INN EÐA LEGGJAST AÐ STEYPU, MEÐ C-TOX EÐA SAMBÆRILEGU EFNI, TVÆR UMFERÐIR

N - TÁKNAR VENJULEGA SLÉTTA NAGLA

K - TÁKNAR KAMBSAUM, BMF

M16 - TÁKNAR BOLTA MEÐ ÞVEMÁL 16 mm

T16/120 - TÁKNAR TRÉSKRÚFU
MEÐ ÞVERMÁL 16 mm OG LENGD 120 mm

NAGLASTÆRÐ a/b TÁKNAR NAGLA MEÐ ÞVERMÁL
0,1 x a mm OG LENGD b mm

UNDIR BOLTAHAUSA OG RÆR, SEM HERÐAST AÐ TRÉ, KOMI SKÍFUR MEÐ KANTLENGD 3 x d OG ÞYKKT 0,3 x d

ÞAKFESTINGAR

BÁRUJÁRN SKAL NEGLA Í AÐRA HVORA HÁBÁRU, NEMA VIÐ ÞAKBRÚNIR ÞAR SKAL NEGLA Í HVERJA HÁBÁRU. FJARLÆGÐ MILLI NAGLARAÐA SKAL VERA MINNST 70 SM. Á HLIÐARSAMSKEYTUM PLATNA SKAL EKKI VERA MEIRA EN 35 SM MILLI NAGLA. VIÐ ÞAKBRÚNIR SAMSÍÐA BÁRUM SKAL GÆTA ÞESS AÐ FESTA BÁRUJÁRN VANDLEGA.
ÞEGAR NEGLT ER Í HVERJA HÁBÁRU SKAL VERA C.A. 15SM MILLI

AÐLIGGJANDI NAGLA, SVO ÞEIR LENDI Í SITHVORU BORÐI ÞAKKLÆÐNINGAR
FYLGST SKAL MEÐ AÐ NEGLING SÉ EKKI TÆPT Í BORÐI
VENJULEGA BORÐAKLÆÐNINGU 1"*6" SKAL NEGLA MEÐ 3 STK 3" GALV. SAUM

STÁLVIRKI

EFNISGÆÐI:

EFTIRFARANDI GILDIR, NEMA ANNAÐ KOMI FRAM Á TEIKNINGUM:

STÁLVIRKI SKV. EN 10025
ALLT STÁL ER Fe 360D
BOLTAR SKV. DIN 931 8.8
SKINNUR UNDIR RÆR SKV. DIN 126C
RÆR SKV. DIN 934 - 8
BOLTAR , RÆR OG SKINNUR
SKULU VERA HEITGALVANHÚÐUÐ

UM YFIRBORÐSMEÐHÖNDLUN STÁLVIRKIS ER VÍSAÐ Í VERKLÝSINGU.

ÞEIR EINIR MEGA FRAMKVÆMA SUÐUVINNU, SEM HAFA TIL ÞESS TILSKILIN RÉTTINDI FRÁ IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS.
MINNSTA LEYFILEGA KVERKSUIÐA ER 4 mm
OG SUÐUEFNI SKAL VERA A.M.K. JAFNGOTT OG EFNI ÞESS STÁLS SEM VERIÐ ER AÐ SJÓÐA SAMAN, BÆÐI HVAÐ VARÐAR STYRK OG SEIGLU.

SUÐUTÁKN:



Samþykktur hönn
20 MAR 2009
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Hrólfur S. Gunnlaugsson

ÚTGÁFUFERILL

NÚMER:	DAGS.	SKÝRINGAR:	UNNIÐ:

DAGS. | SAMRÆMI HÖNNUÐUR

EMIL ÞÓR GUÐMUNDSSON
FTÍ
LÆKJASMÁRA 98
200 KÓPAVOGUR
SÍMI: 544 4004
GSM: 898 9517
NETFANG: emil@emil.is
kt: 280456-3499

HEITI VERKS: Glítvangur 31

HEITI TEIKNINGAR: Skýringar við burðarvirki

MKV:	DAGS.	VERK NR	
Enginn	15/05/2008		
TEIKNAÐ: EÞG	YFIRFARÐ: EÞG	SAMÞYKKT: EÞG	NR. TEIKNINGAR: B00
DAGS. UNDIRSKRIFT: 21/02/10	NAFN HÖNNUÐAR: EMIL ÞÓR GUÐMUNDSSON		
UNDIRSKRIFT HÖNNUÐAR			ÚTGÁFA